

63. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, fimmtudaginn 15. maí 2025, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Ársreikningur Bláskógaveitu 2024 - 2505008

Ársreikningur Bláskógaveitu, til staðfestingar.

Ársreikningur Bláskógaveitu fyrir árið 2024 var lagður fram. Helstu kennitölur ársreiknings eru: Tekjur: 159,9 millj.kr. Gjöld: 111,4 millj.kr, Afskriftir: 6,8 millj.kr. Fjármunatekjur: 11,2 millj.kr. Tekjuskattur: 20,2 millj.kr. Hagnaður ársins: 32,6 millj.kr. Eignir samtals: 377,9 millj.kr. Eigið fé: 335 millj.kr. Skuldir: 42,9 millj.kr. Handbært fé: 83 millj.kr. Fjárfesting nettó 8,8 millj.kr, heildarfjárfesting 24,6 millj.kr og tengigjöld til frádráttar 15,8 millj.kr. Framkvæmda- og veitunefnd staðfestir ársreikninginn samhljóða.

2. Umsókn um heimlögn, Ærhúsbakki viðbótarlóð, kalt vatn - 2505021

Umsókn Gunanrs Sverrissonar, dags. 09.05.2025, um heimlögn vatnsveitu að Ærhúsbakka, L167118.

Lögð var fram umsókn um heimlögn vatnsveitu að Ærhúsbakka. Ekki er stofnlögn að svæðinu, þar sem skipulagðar hafa verið nokkrar lóðir með byggingarheimildum. Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir upplýsingum um framtíðarbyggingaráform, áður en afstaða verður tekin til erindisins.

3. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Skýrsla ÍSOR um borun á Laugarvatni, dags. 30.03.2025

Skýrsla ÍSOR um borverk á Laugarvatni var lögð fram. Þar kemur fram að boruð hafi verið 270 metra djúp hola. Meginæðar holunnar komu fram á 125 og 249 metra dýpi. Samkvæmt afkastaprófi gefur holan rúm 50 kg/s af rúmlega 116 stiga heitu vatni.

4. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Skýrsla ÍSOR um borun í Reykholti, dags. 23.03.2025

Skýrsla ÍSOR um borverk í Reykholti var lögð fram. Þar kemur fram að boruð hafi verið 450 metra djúp hola. Meginæð holunnar komu fram á 392 metra dýpi. Samkvæmt afkastaprófi gefur holan rúma 20 L/s í sjálfrennsli af rúmlega 90 stiga heitu vatni.

5. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Umræða um fyrirkomulag framkvæmda við virkjun borholu og lagningu stofnlagna að dreifikerfi. Undirbúningur nýtingarleyfis.

Veitustjóri og sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fóru yfir stöðu undirbúnings framkvæmda og ferli umsóknar um nýtingarleyfi. ÍSOR vinnur að gerð umsóknar um nýtingarleyfi.

6. Aukin heitavatnsnotkun GufuFontana - 2312022

Erindi Fontana um aukna heitavatnsnotkun. Áður á dagskrá á 51. fundi.

Á 51. fundi framkvæmda- og veitunefndar var tiltekið að ekki væri unnt að taka afstöðu til beiðni Fontana ehf um kaup á auknu magni af heitu vatni á Laugarvatni fyrr en niðurstöður borana lægju fyrir. Skýrsla ÍSOR um borverkið á Laugarvatni er lögð fram á þessum fundi, sjá 3. lið.

Erindi Fontana tekur til kaupa á allt að 15 sekl af heitu vatni til viðbótar við það magn sem Fontana nýtir nú. Á síðari stigum hefur komið fram ósk um að Fontana fái að nýta vatn úr hvernum.

Í ljósi góðs árangurs í heitavatnsöflun á Laugarvatni mun Bláskógaveita geta útvegað Fontana umbeðið magn af vatni. Vinna við hönnun og undirbúninga virkjunar nýrrar borholu stendur yfir og þegar þau atriði liggja fyrir verður unnt að svara því til hvaðan vatnið verður tekið.

7. Eftirlitsmyndavélar við Reykholtsskóla og Aratungu - 2504019

Uppsetning eftirlitsmyndavéla við Reykholtsskóla og Aratungu, til umræðu

Rætt var um uppsetningu eftirlitsmyndavéla við Reykholtsskóla og Aratungu. Slíkar vélar voru settar upp við Bláskógaskóla á Laugarvatni fyrir um tveimur árum. Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að afla tilboðs í slíkar vélar.

8. Vaktrými sundlaugar á Laugarvatni - 2503038

Tilboð í breytingar á vaktrými sundlaugar á Laugarvatni

Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir 3.000.000 kr til viðhalds á sundlaug á Laugarvatni, þ.m.t. að skipta út glugga á vaktrými. Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar og er lagt til að sett verði rennihurð í stað glugga. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að sett verði upp rennihurð í samræmi við tilboð sem liggur fyrir fundinum.

9. Íþróttavöllur á Laugarvatni - 2210004

Kaup á mörkum á íþróttavöllinn á Laugarvatni

Fyrir liggur beiðni um kaup á mörkum fyrir grasvöllinn á Laugarvatni. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir erindið. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar á deild 31227.

10. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Fundargerð hönnunarfundar, 21. fundur haldinn 29.04.2025

Fudnargerðin var lögð fram.

11. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017

Útboð vegna framkvæmda við endurnýjun sundlaugarsvæðis og tæknirýmis í Reykholti
Drög að útboðsgögnum voru lögð fram. Gert er ráð fyrir að auglýsa útboðið 24. maí n.k.

12. Vatnsrennibraut í sundlaugina í Reykholti - 2505014

Tillaga um kaup á rennibraut vegna endurnýjunar útisvæðis sundlaugar í Reykholti

Lagt var fram tilboð í kaup á vatnsrennibraut fyrir sundlaugina í Reykholti. Kaup á vatnsrennibraut verði ekki inni í heildarútbóðinu vegna endurnýjunar sundlaugarsvæðisins. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verði að tilboðinu.

13. Malbikunarframkvæmdir - 2403044

Framkvæmdir við malbikun gatna og göngustíga

Sviðsstjóri gerði grein fyrir áætlun um malbikun. Lokið verður við verkefni sem ekki tókst að ljúka á síðasta ári, þ.e. malbikun gangstéttar við Traustatún, Miðholt, Tungurima og Borgarrima, auk viðgerða.

14. Viðbygging við leikskólann Álfaborg - 2505018

Samningar við verktaka, staða verkefnis

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs gerði grein fyrir stöðu verksins. Byggingarleyfi liggur fyrir og verður farið í framkvæmdir eins fljótt og unnt er með tilliti til leikskólastarfs og leitast við að ljúka þeim í sumarlokun leikskólans.

15. Hreinsistöð fráveitu Laugarási - 2403039

Áhrifamat á vatnshlot

Lögð var fram skýrsla um áhrifamat á vatnshlot vegna framkvæmda við fráveitu í Laugarási. Niðurstaða matsins er að framkvæmdirnar séu lítils háttar neikvæðar að teknu tilliti til umfangs, mótvægisáðgerða og fyrirbyggjandi áðgerða.

16. Hreinsistöð fráveitu Laugarvatni - 2502028

Minnisblað um fjölda persónueininga frá starfsemi Fontana

Minnisblaðið var lagt fram.

17. Fráveita frá Fontana, rotþró - 2505013

Erindi frá Fontana, dags. 11.04.2025, vegna staðsetningar á rotþró.

Erindið var lagt fram. Gerð var grein fyrir því að á fundi með framkvæmdaraðilum í vikunni var ákveðið að ekki yrði sett upp rotþró, heldur yrði skólp leitt inn á fráveitukerfi Bláskógabyggðar og í rotþró sem nýverið var sett upp framan við hreinsistöðina á Laugarvatni, en þeirri rotþró er ætlað að létta álagi af hreinsistöðinni. Hluti af heildarendurnýjun fráveitukerfisins á Laugarvatni er uppsetning nýrrar og öflugri hreinsistöðvar.

18. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

7. verkfundur haldinn 12.05.2025

Fundargerðin var lögð fram.

19. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni 4. áfangi - 2412005

Hönnunargögn vegna 4. áfanga í endurnýjun fráveitukerfis á Laugarvatni.

1. verkfundur haldinn 12.05.2025.

Gögnin voru lögð fram til kynningar.

20. Fráveitulagnir Lambadal, Reykholti - 2505022

Erindi varðandi fráveitulagnir í Lambadal

Sviðsstjóri gerði grein fyrir erindinu.

21. Gatnagerð í Laugarási - 2503039

Næstu skref

Umræða varð um fyrirhugaða gatnagerð í Laugarási.

22. Svæði fyrir seyrulosun í landi jarðarinnar Hóla - 2503036

Drög að áhrifamati á vatnshlot vegna svæðis til dreifingar seyru

Drög að áhrifamati á vatnshlot vegna svæðis til dreifingar seyru á spildur úr jörðinni Hólum var lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:05.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson